

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Unu Hildardóttur um eflingu kynfræðslu á öllum skólastigum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur ráðherra fylgt eftir kröfu átaks um eflingu kynfræðslu á öllum skólastigum, í kjölfar þess að 1. mars 2018 afhentu aðstandendur herferðarinnar „Sjúk ást“ ráðherra undirskriftalista þar sem hátt í 4.000 manns skorðu á ráðherra að beita sér fyrir öflugri og markvissri kynfræðslu á öllum skólastigum? Ef ekki, stendur það til?

Með aðild að þingsályktunartillögu sem er til afgreiðslu á Alþingi hefur ráðherra fylgt eftir kröfu frá aðstandendum herferðarinnar „Sjúk ást“ um öfluga og markvissa kynfræðslu á öllum skólastigum. Um er að ræða 409. mál á þingskjali 550 sem er stjórnartillaga um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Í tillögunni er aðgerð um að kennsla um kynheilbrigði og kynhegðun verði eflað í grunn- og framhaldsskólum þannig að nemendur fái kynfræðslu oftari en eina til tvær kennslustundir á skólagöngu sinni eins og dæmi eru um. Áætlað er að markvissri kennslu um kynheilbrigði og kynhegðun verði komið á hið fyrsta, í síðasta lagi fyrir árslok 2020 í samræmi við aðalnámskrár grunn- og framhaldsskóla og grunnþáttinn *Heilbrigði og velferð* sem þar er að finna.